

BORGARSTJÓRN

Ár 2026, þriðjudaginn 8. september, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 12:00. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Björg Magnúsdóttir, Albert Guðmundsson, Ari Edwald, Bjarni Fritzson, Bjarni Guðjónsson, Bjarnveig Birta Bjarnadóttir, Brynjar Níelsson, Einar Þorsteinsson, Guðný María Jóhannsdóttir, Kristín Kolbrún Waage Kolbeinsdóttir, Lárus Blöndal Sigurðsson, Líf Magneudóttir, Pétur Hafliði Marteinsson, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Róbert Ragnarsson, Rúnar Freyr Gíslason, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún Ásta Einarsdóttir, Silja Sóley Birgisdóttir, Skúli Helgason og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um breytt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.

Umræðan var sameinuð umræðu um nýlegar skipulagsbreytingar, hópuppsagnir og niðurlagningu hverfamiðstöðva í Reykjavík, umræðu um tillögu borgarfulltrúa Vinstrisins um opinn fund um nýlegar skipulagsbreytingar og tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um fjárhagslegt velferðarlíkan. MSS26080087

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Stigið er stórt skref í að tryggja börnum og fjölskyldum í Reykjavík öflugri, samræmdari og áreiðanlegri þjónustu. Heimilisföng og stjórnkerfi borgarinnar ráða ekki lengur skipulagi þjónustunnar heldur þarfir barna og fjölskyldna. Í núverandi kerfi dreifist fagþekking á margar einingar og smærri teymi eru viðkvæm fyrir álagi, fjarvistum og manneklu. Stærri og öflugri fagteymi skapa betri möguleika á sérhæfingu sem nýtist þvert á borgina, eru álagsþolnari og veita starfsfólki öflugri faglegan stuðning. Þjónusta, verklag og viðmið verða samræmd svo fjölskyldur geti treyst á sambærilega þjónustu óháð búsetu. Jafnframt fæst betri yfirsýn yfir þjónustupörf, biðtíma, álag og árangur þjónustunnar. Verkaskipting velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs skýrist og einstaklingsmiðuð þjónusta við börn og fjölskyldur verður betur samþætt. Þannig styttest biðleiðir, samfella í eftirfylgni styrkist og betri forsendur skapast til snemmtæks stuðnings. Á sama tíma verður faglegur stuðningur við skóla- og frístundastarf sameinaður í öflugri skóla- og frístundapjónustu. Breytingarnar taka mið af þróun rafrænna lausna en nærþjónusta í hverfum, skólum og frístundastarfi verður áfram tryggð og styrkt. Þeim fylgir ekki þjónusturof og útfærslu þeirra verður haldið áfram næstu mánuði. Minni yfirbygging og fækkun stjórnendastöðugilda skila um 900 milljóna króna hagræðingu á ársgrundvelli samhliða styrkingu framlínuþjónustu. Leiðin inn í velferðarþjónustuna verður jafnframt einfaldari með sameiginlegri móttöku sem beinir erindum í réttan farveg eftir þjónustupörf. Kjarninn er öflugri fagleg umgjörð, skýrari þjónustuleiðir og rétt þjónusta á réttum tíma.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurskurður meirihluta Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Viðreisnar með stuðningi Miðflokksins er alvarleg aðför að þjónustu við börn, ungmenni og viðkvæma skjólstæðinga velferðarþjónustunnar í borginni. Hægri hugmyndafræði

miðstýringar er innleidd á kostnað dreifstýringar og nærþjónusta sem ítarlegar rannsóknir sýna að skila sér í betri þjónustu, sérstaklega við börn og barnafjölskyldur, einstæða foreldra, fjölskyldur með erlendan uppruna og viðkvæma hópa. Skammsýni einkennir aðgerðirnar og ljóst er að verið er að spara aurinn og kasta krónunni. Nærtækt dæmi er niðurlagning Virknihúss sem sparað hefur borginni á annan milljarð króna í fjárhagsaðstoð á undanförnum árum með því að koma á sjötta hundrað einstaklingum í vinnu. Nú er tekin áhætta á að sá kostnaður lendi aftur á borginni og þurrki þar með út væntanlega hagræðingu af skipulagsaðgerðunum. Samfylkingin lýsir andstöðu við aðgerðirnar enda grafa þær undan almannaðjónustunni í borginni við viðkvæma hópa og fela í sér mestu fjöldauppsagnir á starfsfólki borgarinnar sem sést hafa í áratugi í rekstri málaflokka aðalsjóðs borgarinnar. Vinnubrögðin lýsa ótrúlegri lítilsvirðingu gagnvart starfsfólki hverfamiðstöðva og frístundastarfs í borginni og geta ekki annað en komið niður á þjónustu við borgarbúa.

Borgarfulltrúar Vinstrisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýsamþykktar skipulagsbreytingar eru illa ígrundaðar, hroðvirknislega framkvæmdar og bera vott um vanþekkingu á grunnþjónustu borgarinnar. Mikill viðvaningsháttur og skeytingarleysi einkenna alla þessa framkvæmd sem bitnar á mikilvægri þjónustu við íbúa og starfsfólk. Þrátt fyrir yfirlýsingar um að vernda grunnþjónustuna og bæta hana munu þessar aðgerðir gera hið gagnstæða. Leitað er í kistu fortíðar og miðstýring verður aukin til muna. Slíkt færir þjónustuna fjær borgarbúum og á eftir að valda miklum töfum og lengja biðlistana. Þá hefur reynslumiklu fólk verið sagt upp sem gerir alla innleiðingu breytinga flóknari. Breytingarnar munu fletja kerfið út þannig að það taki ekki tillit til ólíkra þarfa fólks í hverfum borgarinnar. Frekar hefði átt að jafna aðstöðumun þjónustumiðstöðvanna en að leggja þær niður. Niðurskurður eins og þessi á eftir að færa íbúum minna frelsi, lakari þjónustu og líklega aukin fjárútlát þegar fram í sækir. Hér er ekki verið fara vel með fé skattgreiðenda heldur er verið að „spara“ sér til tjóns. Það er miður að tillögu Vinstrisins um upplýsingafund hafi verið hafnað í ljósi allra þeirra spurninga sem bæði íbúar og starfsfólk Reykjavíkur vilja fá svör við. Það er greinilegt að þessi meirihluti gefur lítið fyrir lýðræði og samtal um hugsjónalausnir pólitíkina sína.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands gagnrýnir harðlega hvernig hefur verið staðið að þessum stjórnkerfisbreytingum. Slíkar breytingar hefðu þurft umtalsvert lengri tíma í undirbúning, þar sem heildræn nýleg greining á þjónustunni lægi fyrir og væri aðgengileg öllum borgarfulltrúum. Jafnframt hefði þurft að efna til samráðs við starfsfólk til að tryggja skilvirkt ferli. Nú er staðan sú að mikil óvissa ríkir í kerfinu, starfsfólk veit ekki hvert það á að leita, stuðningur við frístundastarf hvarf nánast á einum degi sem hefur leitt til þess að erfitt hefur verið að undirbúa starfseminar fyrir árið. Sumir eiga erfitt með að klára ráðningasamninga vegna þess að þeir hafa ekki aðgang að ráðningarkerfinu, tilfallandi verkefni deildarstjóra og fjármálastjóra hafa fallið á forstöðumenn sem lýsa því að þeir eru strax minna á gólfinu. Upplýsingaflæði er verulega skert og ekki liggur fyrir hvenær skýrt verklag verði komið. Þegar breytingar eru svona illa ígrundaðar og illa útfærðar er ljóst að þjónustuskerðing mun eiga sér stað. Algjör þvættingur er að ekki hefði verið mannúðlegt að ræða breytingarnar fyrir opnum dyrum því það var ekkert því til fyrirstöðu að breytt skipulag yrði rætt og útfært áður en nákvæmar uppsagnir yrðu ákveðnar. Meirihlutinn ákvað að sniðganga lýðræðislegt ferli.

2. Fram fer umræða um nýlegar skipulagsbreytingar, hópuppsagnir og niðurlagningu hverfamiðstöðva í Reykjavík.
- Kl. 15.00 vikur Regína Ásvaldsdóttir af fundinum og Birkir Ingibjartsson tekur þar sæti.

Umræðan var sameinuð umræðu um breytt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, umræðu um tillögu borgarfulltrúa Vinstrisins um opinn fund um nýlegar skipulagsbreytingar og tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um fjárhagslegt velferðarlíkan. MSS26080087

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands gagnrýnir þann blinda niðurskurð sem meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar hefur boðað. Vaðið hefur verið af stað í fjöldauppsagnir án þess að huga að þeim verðmætum sem munu tapast. Ekki hefur verið hugað að þeim sparnaði sem fæst við að veita öflugan stuðning til að koma einstaklingum af fjárhagsaðstoð og á vinnumarkaðinn. Ekki hefur verið hugað að þeirri tekjuöflun sem fólst í því að hafa einstakling sem sá um Evrópustyrki. Ekki hefur verið hugað að þeim kostnaði sem felst í að framfylgja óútfærðum breytingum með tilfallandi óreiðu sem skapast í kerfinu. Ekki hefur verið hugað að þeim langtímakostnaði sem felst í því að grafa undan frístundastarfi. Ekki hefur verið hugað að því hvernig breytingarnar hafa áhrif á umferðina sem mun eflaust aukast þegar allir þurfa að sækja þjónustu á sama stað og sérfræðingar þurfa að ferðast lengra til að veita þjónustu á vettvangi. Ekki er búið að huga að öryggi starfsfólks en oft þarf sérstaka aðstöðu til að taka á móti skjólstæðingum. Ekki er hugað að því hvað það kostar að missa þekkingu úr borgarkerfinu. Þetta er vægast sagt óábyrg framkvæmd.

3. Fram fer umræða um niðurstöður nýjstu PISA könnunarinnar. MSS26090030

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður PISA minna okkur á mikilvægi þess að Reykjavíkurborg bregðist við með markvissum og gagnadrifnum hætti þegar kemur að námsárangri barna þó ánægjulegt sé að sjá að Ísland mælist efst þjóða í þrautseigju nemenda, félagslegum tengslum í skóla, sjálfsstjórn í námi og stuðningi kennara að mati nemenda. Eins er ánægjulegt að einelti mælist ekki mikið hér á landi í samanburði við önnur þátttökuríki. Varðandi niðurstöður námsárangurs þarf áherslan að vera á að nýta gögn til að styrkja kennslu, læsi og snemmtækan stuðning við börn, en ekki að einfalda vandann eða varpa ábyrgð á einstaka skóla, kennara eða nemendur. Mikilvægt er að tengja saman reglubundið mat, fagleg viðbrögð, aðgengi kennara að vönduðum námsgögnum og öflugt lestrarstarf þannig að niðurstöður leiði til raunverulegra aðgerða fyrir börn og fjölskyldur. Markmið okkar er skýrt: Við viljum gera skólakerfið okkar betra fyrir öll börn. Við viljum bæta námsárangur allra nemenda án þess að það komi niður á líðan þeirra. Betra skor á PISA er ekki markmið í sjálfu sér. Það á að vera afleiðing af góðu skólakerfi, kerfi þar sem börn læra og ná árangri, en líður jafnframt vel og fá tækifæri til að blómstra.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður úr PISA 2026 benda til þess að ójöfnuður hafi aukist þar sem nemendur sem eiga foreldra í slæmri félags- og efnahagslegri stöðu og nemendur með erlendan bakgrunn koma verr út úr könnuninni. Grípa þarf til aðgerða til að minnka þann ójöfnuð sem er að skapast í samfélaginu. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrr í dag og því hefur ekki gefist nægilegur tími til að rýna í þær. Mikilvægt verður að halda áfram að vinna með niðurstöðurnar ásamt áframhaldandi umræðu á vettvangi borgarstjórnar og í fagráðum. Margt getur spilað inn í versnandi árangur nemenda í lesskilningi. Ósamræmi í kennsluaðferðum, skortur á skilvirkum stuðningi, almenn áhersla á notkun íslensku í samfélaginu, breytt námsumhverfi, áhrif gervigreindar og tækni og skortur á námsefni svo eitthvað sé nefnt. Brýnt er að auka samvinnu innan skólasamfélagsins, hlusta á ábendingar sérfræðinga og kennara, efla foreldra í sínu hlutverki og koma betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Áherslan verður að vera á markvissa notkun gagnreyndra aðferða við lestrarkennslu og tryggja þarf öllum börnum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli markvissa og öfluga íslenskukennslu.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Vinstreisins:

Borgarstjórn samþykkir að halda opinn fund í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem farið er yfir þær skipulags- og stjórnkerfisbreytingar sem nýverið voru samþykktar. Á þessum fundi verði fólki einnig gefinn sá lýðræðislegi vettvangur að tala um breytingarnar og hvernig þær snerta það. Æskilegt er að nokkrir hagsmunaaðilar hafi stutta framsögu um breytingarnar og hvernig þeir sjái framtíðina fyrir sér. Fyrirkomulag og skipulag fundarins verði í höndum þess starfsfólks sem áður hefur skipulagt samskonar borgarafundi og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er falið að halda utan um þennan lýðræðislega borgarafund.

Tillagan er felld með fimmtán atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn átta atkvæðum Samfylkingarinnar, Vinstreisins og Sósíalistaflokks Íslands.

Umræðan var sameinuð umræðu um breytt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, umræðu um nýlegar skipulagsbreytingar, hópuppsagnir og niðurlagningu hverfamiðstöðva í Reykjavík og tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um fjárhagslegt velferðarlíkan. MSS26080087

Borgarfulltrúar Vinstreisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýsamþykktar skipulagsbreytingar eru illa ígrundaðar, hroðvirknislega framkvæmdar og bera vott um vanþekkingu á grunnþjónustu borgarinnar. Mikill viðvaningsháttur og skeytingarleysi einkenna alla þessa framkvæmd sem bitnar á mikilvægri þjónustu við íbúa og starfsfólk. Þrátt fyrir yfirlýsingar um að vernda grunnþjónustuna og bæta hana munu þessar aðgerðir gera hið gagnstæða. Leitað er í kistu fortíðar og miðstýring verður aukin til muna. Slíkt færir þjónustuna fjær borgarbúum og á eftir að valda miklum töfum og lengja biðlistana. Þá hefur reynslumiklu fólki verið sagt upp sem gerir alla innleiðingu breytinga flóknari. Breytingarnar munu fletja kerfið út þannig að það taki ekki tillit til ólíkra þarfa fólks í hverfum borgarinnar. Frekar hefði átt að jafna aðstöðumun þjónustumiðstöðvanna en að leggja þær niður. Niðurskurður eins og þessi á eftir að færa íbúum minna frelsi, lakari þjónustu og líklega aukin fjárútlát þegar fram í sækir. Hér er ekki verið fara vel með fé skattgreiðenda heldur er verið að „spara“ sér til tjóns. Það er miður að tillögu Vinstreisins um upplýsingafund hafi verið hafnað í ljósi allra þeirra spurninga sem bæði íbúar og starfsfólk Reykjavíkur vilja fá svör

við. Það er greinilegt að þessi meirihluti gefur lítið fyrir lýðræði og samtal um hugsjónalausú pólitíkina sína.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands studdi tillögu um að halda opinn fund um nýlegar stjórnskipulagsbreytingar og gagnrýnir meirihlutann og Miðflokkinn fyrir að hafna tillögunni. Þegar jafn viðamiklum breytingum er hrint af stað með svona hraða og án samráðs er nauðsynlegt að fá innsýn starfsfólks og notenda til að skilja þeirra sjónarmið. Jafnframt myndi slíkur fundur gefa dýrmætar upplýsingar um hverju þarf að huga að við útfærslu skipulagsbreytinganna. Miður er að meirihlutinn vilji ekki opna á slíkt lýðræðislegt samtal.

5. Fram fer umræða um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis, sbr. 8. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. ágúst, 9. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. ágúst og 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. ágúst. VEL26080004

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokks gagnrýnir þá ákvörðun sem var tekin í borgarráði að hækka gjaldskrá fyrir máltíðir lífeyrisþega ásamt þeirri ákvörðun að útvista bæði matreiðslunni og dreifingu máltíðanna. Sorglega var staðið að málum Vitatorgs og ekki var gripið til aðgerða tímanlega. Kostnaðurinn við einkavæðingu verður alltaf hærri en fjárfesting í opinberri þjónustu. Einkafyrirtæki hafa hvata til að hækka verð til að mæta hagnaðarkröfum eins og við höfum séð með útvistun skólamáltíða til Skólamatar sem skilaði 274 milljóna kr. hagnaði á þessu ári. Annar falinn kostnaður í formi aukinnar þarfar fyrir velferðarþjónustu getur myndast við aukna útvistun á láglauastörfum. Einkavæðing ófaglærðra starfa hefur iðulega leitt til verri vinnuaðstæðna og lægri launa. Þetta getur leitt til aukinnar þarfar fyrir fjárhagslegan stuðning frá ríkinu, húsnæðisþjónustu, niðurgreiðslu á þjónustu og aukins álags á heilbrigðiskerfið svo eitthvað sé nefnt. Við sem samfélag munum alltaf græða á því að fjárfesta í opinberum rekstri velferðarþjónustu og það er á abyrgð stjórnvalda að tryggja að reksturinn sé skilvirkur og sjálfbær.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Síðasti meirihluti skildi matarþjónustu velferðarsviðs eftir í algjöru uppnámi með því að vanfjármagna samning um matarþjónustu í fjárhagsáætlun. Samningurinn við Krydd og kavíar kostar um 560 milljónir króna á ári en aðeins um 260 milljónir voru settar í verkefnið. Fjármagnið kláraðist í mars. Í stað þess að tryggja fulla fjármögnun hækkaði fyrri meirihluti gjaldskrána lítillega, þrátt fyrir að ljóst væri að sú hækkun myndi ekki duga út árið. Forsagan er alvarleg. Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við eldhúsið á Vitatorgi árið 2023, ástandið var enn óviðunandi árið 2025 og í febrúar 2026 greindist listería og loka þurfti eldhúsinu. Í kjölfarið þurfti að færa framleiðsluna til sérhæfðs aðila sem uppfyllir ytrustu kröfur um matvælaöryggi með tilheyrandi kostnaðarauka. Til að tryggja eldra fólki áfram góða og örugga matarþjónustu verðum við nú að koma henni á traustan fjárhagslegan grunn. Samanlagt er þjónusta velferðarsviðs þegar komin á annan milljarð króna fram úr fjárhagsáætlun fyrri meirihluta. Við þessar aðstæður er hækkun gjaldskrár því óhjákvæmileg. Jafnframt ætlum við að gæta sérstaklega að þeim sem minnst hafa milli handanna. Því verður lagt til að tekjulágir notendur greiði 1.500 kr. í stað 1.900

kr. Markmiðið er að fjárhagur verði ekki hindrun í að nýta þessa mikilvægu þjónustu.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hækkun á verði máltíða fyrir lífeyrisþega um 73% í einu vetfangi lýsir nýrri forgangsröðun í Reykjavík með nýjum meirihluta. Það að velta kostnaði yfir á eldri borgara í Reykjavík er pólitískt val. Þjónustan sem um ræðir stuðlar að bættri heilsu, aukinni félagslegri virkni og bættum lífsgæðum. Því ætti að standa vörð um aðgengi sem flestra að þessari mikilvægu þjónustu. Þá er rétt að vara við aukinni notkun tekjutenginga. Þegar þessi mikla hækkun féll í grýttan jarðveg var ákveðið að veita afslátt til þeirra sem eru undir ákveðnum tekjuviðmiðum. Fyrir eldri borgara í Reykjavík er því nú búið að setja upp tekjutengda afslætti af heimilisþrifum, máltíðum, fasteignagjöldum auk þess sem fyrirhugað frístundakort er tekjutengt. Þegar sífellt fleiri þjónustubættir verða tekjutengdir getur lítil tekjuhækkun leitt til þess að mörg réttindi falli niður samtímis. Auk þess eru ekki notuð sömu viðmiðin fyrir mismunandi þjónustubætti sem getur skapað rugling og ósamræmi.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar:

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg efni til samstarfs um viðtækar aðgerðir til að efla forvarnir barna og ungmenna í borginni með vísan til aukinnar neyslu vímuefna og vaxandi tíðni ofbeldis og áhættuhegðunar í samfélaginu. Tekið verði mið af þeim aðferðum og hugmyndafræði sem lá til grundvallar íslenska forvarnarmódelinu með áherslu á faglegt starf í nærumhverfi barna, snemmtækan stuðning og gagnreyndar aðferðir, samhliða reglubundinni stöðutöku. Lögð verði áhersla á viðtækt samstarf stjórnvalda og haghafa í forvarnarmálum, starfsfólks skóla og frístundastarfs, foreldra, barna og ungmenna, íþróttahreyfingar, lögreglu, háskólasamfélags og frjálsra félagasamtaka á sviði forvarna og lýðheilsu. Borgarstjórn skipi þverpólitískan stýrihóp til að leiða verkefnið, þar sem bæði meiri- og minnihluti eigi fulltrúa. Með stýrihópnum starfi fulltrúar starfsfólks félagsmiðstöðva, forvarnarfulltrúi og fulltrúi forvarnarteymis borgarinnar, auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og menningar- og íþróttasviðs. Stýrihópurinn og viðkomandi starfsmenn beri ábyrgð á vinnu við mótun nýrrar aðgerðaáætlunar Reykjavíkurborgar í forvarnarmálum. Áætlunin taki við af gildandi forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026 og hafi það markmið að styrkja stöðu forvarna, draga úr áhættuhegðun barna og ungmenna og mæta þeim stóru áskorunum sem felast í auknu aðgengi og neyslu ungmenna að áfengi og vímuefnum og aukinni tíðni ofbeldismála. Settur verði á fót samráðsvettvangur með fulltrúum allra flokka í borgarstjórn og eftirtalinna aðila til að tryggja aðkomu sem flestra hagaðila sem tengjast forvörnum barna og ungmenna: Forsætisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Embættis landlæknis, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, í samvinnu við Íslenskar æskulýðsrannsóknir og Rannsóknir og greiningu, Íþrótt- og ólympíusambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu; starfsfólks félagsmiðstöðva, foreldrafélaga í hverfum borgarinnar, Reykjavíkurráðs ungmenna, frjálsra félagasamtaka á sviði lýðheilsu og forvarna, skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar. Stýrihópurinn skili borgarstjórn stöðuskýrslu eigi síðar en 15. desember 2026 og tillögum eigi síðar en 1. mars 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs. MSS26090031

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Rannsóknir og greiningar benda til þess að áfengis- og vímuefnaneysla ungmenna og áhættuhegðun sé að aukast. Kemur það m.a. fram í gögnum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar, ábendingum starfsfólks á vettvangi og auknu aðgengi ungmenna að áfengi með stórauðinni netsölu og heimsendingarþjónustu þar sem eftirliti og hlífni við lög og reglur er greinilega ábótavant. Við þessu þarf að bregðast til að verja þann mikla árangur sem náðist með íslenska forvarnarmódelinu um aldamótin. Með þetta í huga leggur Samfylkingin fram tillögu um að borgin taki frumkvæði og efni til víðtæks þverpólitísks samstarfs um markvissar aðgerðir í forvarnarmálum. Þar verði samráð haft við aðra haghafa sem tengjast velferð barna og ungmenna, s.s. foreldra, Reykjavíkurráð ungmenna, háskólasamfélagið, íþróttahreyfinguna, lögreglu og frjáls félagasamtök á sviði lýðheilsu og forvarna. Þar er lykilatriði að virkja starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundastarfs sem hefur mesta innsýn í þarfir og daglegan veruleika ungmenna í borginni að ógleymdu fagfólki í tómstunda- og félagsmálafræði. Lagt er til að settur verði á fót þverpólitískur stýrihópur og samráðsvettvangur með helstu haghöfum, sem leiði í góðu samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundastarfs mótun aðgerðaáætlunar í forvarnarmálum sem lögð verði fyrir borgarstjórn á fyrsta ársfjórðungi nýs árs. Tillagan hefur ekki í för með sér viðbótarkostnað.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans leggja áherslu á að Reykjavík styrki forvarnavinnu með skýrum gögnum, reglulegri eftirfylgni og góðu samstarfi skóla, frístunda, velferðarþjónustu, foreldra og nærsamfélags. Við viljum endurvekja og efla þá gagnadrifnu forvarnahugsun sem Ísland varð þekkt fyrir, þar sem staðbundnar upplýsingar um líðan, þátttöku, skjánotkun, svefn, skólasókn og áhættuhegðun barna og ungmenna leiða til markvissra aðgerða. Forvarnir eiga ekki að vera átaksverkefni heldur stöðug og samhæfð vinna í þágu barna og fjölskyldna. Sérstaklega þarf að greina stöðuna í hverfum borgarinnar og móta staðbundin viðbrögð með skýrum markmiðum, ábyrgð og reglulegu mati á árangri. Jafnframt þarf að tryggja að öll börn hafi raunhæft og jafnt aðgengi að íþrótt- og frístundastarfi. Tillögunni er vísað til frekari vinnslu velferðarráðs sem er í forsvari fyrir forvarnir í Reykjavíkurborg og óskað eftir því að málið verði unnið í samvinnu við skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið, enda er vinna að eflingu og samhæfingu forvarna þegar hafin á vettvangi þessara ráða.

Borgarfulltrúar Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn styður aðgerðir í forvarnarmálum og finnst miður að forvarnarmál virðist hafa setið á hakanum á undanförunum árum í Reykjavík. Þörf er á auknu samtali Reykjavíkurborgar, skóla, frístundaheimila og íþróttafélaga í borginni. Bæði í forvarnarmálum og eins í samhæfingu þessara mikilvægu eininga innan borgarinnar. Reykjavíkurborg á að sjálfsögðu að leiða þá vinnu, en samstarf á milli þessara aðila er oft og tíðum af skornum skammti og þarf Reykjavíkurborg að taka frumkvæði í að auka það og bæta. Það hljóta allir að vera sammála um nauðsyn forvarna. Að mati Miðflokksins væri skynsamlegt að við borgarfulltrúar í fagræðum felum forvarnarverkefnið sviðsstjórum og fulltrúum sviða til að vinna saman í að skipuleggja aðgerðir í forvarnarmálum, þvert á svið og ráð, með það að markmiði að tryggja samvinnu og samráð allra hlutaðeigandi aðila. Það þarf ekki enn einn

stýrihópin hér í Reykjavík, með ómældum kostnaði og töfum. Það þarf bara að sýna forystu og samstöðu, ganga strax í málið og tryggja góða forvarnavinnu allra aðila. Forvarnir verða ekki til í pólitískri nefnd eða hóp, forvarnir verða til hjá þeim sem vinna með börnunum okkar.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands styður heilshugar að fara í víðtækar aðgerðir í forvarnarmálum. Fulltrúum Samfylkingarinnar er þakkað fyrir að koma málinu á dagskrá með skýrri útlistun á hverjir þurfa að koma að vinnunni. Áhættuhegðun ungmenna er að aukast og við verðum að grípa til aðgerða. Kostnaður eins einstaklings í formi félagsþjónustu, fjárhagsaðstoðar, heilsugæslu, löggæslu og töpuðum skatttekjum getur hlaupið á hundruðum milljóna. Við þurfum jafnframt að taka mið af félagslegri og efnahagslegri stöðu þegar farið er í þá vinnu að mynda aðgerðaáætlun því ójöfnuður eykur líkur á ýmis konar áhættuhegðun meðal ungmenna. Málinu hefur verið vísað til velferðarráðs en nauðsynlegt er að tryggja aðkomu annarra fagraða að vinnu aðgerðaáætlunar þar sem forvarnir snerta ekki aðeins á málaflokkum velferðarráðs.

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins, ásamt fylgiskjöllum:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að hefja vinnu við gerð fjárhagslegs reiknilíkans fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar (velferðarlíkanið Freyja). Líkanið hafi það að markmiði að: Skilgreina með skýrum og gagnsæjum hætti forsendur fjáruþlutunar innan velferðarsviðs, styðja við markvissari fjármálastjórn og ákvarðanatöku, tryggja jafnræði í þjónustu óháð hverfum og notendahópum og gera kleift að meta áhrif breytinga á þjónustu og umfang með greiningum. Við gerð líkansins verði horft til þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram við þróun fjárhagslíkans í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Vinstreisins og Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Umræðan var sameinuð umræðu um breytt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, umræðu um nýlegar skipulagsbreytingar, hópuppsagnir og niðurlagningu hverfamiðstöðva í Reykjavík og tillögu borgarfulltrúa Vinstreisins um opinn fund um nýlegar skipulagsbreytingar. MSS26040048

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands styður þá hugmynd að hefja vinnu við gerð fjárhagslegs velferðarlíkans. Slíkt líkan getur stuðlað að skýrari heildaryfirsýn yfir fjáruþlutanir með gagnsærri og rekjanlegri ákvörðunartöku. Nákvæmlega sama tillaga var þó lögð fram af hálfu borgarfulltrúa Viðreisnar 21. apríl 2026 en henni var vísað til borgarráðs þar sem beðið var um umsagnir frá fjármála- og áhættustýringarsviði og velferðarsviði. Sú tillaga var afturkölluð svo nýr meirihluti gæti eignað sér efni hennar, eðlilegra hefði verið að vinna áfram með fyrri tillögu. Umsagnir sviðanna bentu á að mismunandi málaflokkar innan velferðarsviðs hafa mismunandi rekstrarumhverfi og þurfa því mismunandi líkön. Einnig er sleginn sá varnagli að tryggja þyrfti að líkanið verði sveigjanlegt svo það hafi ekki neikvæð áhrif á aðgengi og gæði þjónustu. Því er nauðsynlegt að fara í ríkt samráðsferli til

að tryggja aðkomu þjónustupega og hagsmunasamtaka við gerð líkansins áður en endanlegt reiknilíkan er samþykkt. Fulltrúi Sósíalistaflokks situr hjá þar sem ljóst er að þörf er á nokkrum líkönum ekki aðeins einu.

2. Lagt til að Bjarnveig Birta Bjarnadóttir taki sæti sem aðalmaður í innkaupa- og framkvæmdaráði í stað Regínu Ásvaldsdóttur. Jafnframt er lagt til að Regína verði varamaður í ráðinu í stað Birtu.
Samþykkt. MSS26060019
3. Lagt til að Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir taki sæti varamanns í velferðarráði í stað Regínu Ásvaldsdóttur.
Samþykkt. MSS26060017
4. Lagðar fram fundargerðir borgarráðs frá 18. og 25. júní, 2. og 16. júlí, 13., 20., 25. og 27. ágúst og 3. september. MSS26010002
6. liður fundargerðar borgarráðs frá 3. september; breytingar á reglum um hámarksfjölda bílastæða við nýbyggingar, er samþykktur með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar, Miðflokksins og Framsóknarflokksins gegn átta atkvæðum Samfylkingarinnar, Vinstreisins og Sósíalistaflokks Íslands. USK26090012

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. september:

Með breytingum meirihluta Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar á reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík falla almenn bindandi hámarksgildi um fjölda bílastæða við nýbyggingar og endurnýjun byggðar niður. Endurskoðuð viðmiðunargildi verða áfram lögð til grundvallar við mat á bílastæðapörf, en heimilt verður að víkja frá þeim til fjölgunar eða fækkunar þegar staðsetning, landnotkun, aðstæður og þarfi viðkomandi uppbyggingar gefa tilefni til. Frávik skulu rökstudd og samgöngumat áfram nýtt. Markmiðið er að tryggja að fjöldi bílastæða ráðist af gagnsæju, málefnalegu og staðbundnu mati í stað ósveigjanlegra hámarksgilda. Afnáam hámarksgilda felur ekki sjálfkrafa í sér fjölgun bílastæða en gefur húsbyggjendum færi á að mæta þörfum og kröfum markaðarins. Eftir því sem kostur er verði kaup eða leiga bílastæðis aðskilin frá kaupum eða leigu íbúðar, þannig að kostnaður við stæðin falli á notendur þeirra. Breytingarnar eru í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 16. júní 2026 og fela ekki í sér að fallið sé frá markmiðum borgarinnar um breyttar ferðavenjur, skilvirka landnýtingu og vandað borgarumhverfi.

Borgarfulltrúar Vinstreisins leggja fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. september:

Ekki hefur verið nægilega vel girt fyrir að geðþóttaákvæðanir um bíla- og hjólastæðafjölda verði teknar. Fulltrúar Vinstreisins telja að áður samþykktar breytingar á viðmiðum hafi verið góðar og að óþarfi hafi verið að afnema hámarksfjölda bílastæða við nýbyggingar. Eins er fráleitt að hækka lágmarksviðmiðin um bílastæði fyrir námsmannaíbúðir. Ljóst er að með þessu gæti hugsanlega mun meira rými farið undir bíla en heimili fólks.

5. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 4. september, menningarráðs frá 26. júní og 28. ágúst, íþróttá- og útilífsráðs frá 26. júní og 28. ágúst, leikskóla- og daggæsluráðs frá 22. júní og 17. og 31. ágúst, skóla- og frístundaráðs frá 22. júní, 17., 21. og 31. ágúst,

umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. júní, 1. júlí, 11., 12., 19. og 26. ágúst og 2. september og velferðarráðs frá 24. júní, 13. ágúst og 2. september. MSS26010022

6. Samþykkt að taka á dagskrá svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta fundadagatali sínu á þann hátt að reglulegur fundur borgarstjórnar sem áætlaður var þriðjudaginn 22. september 2026, verði þess í stað haldinn 29. september 2026. MSS26060066

Samþykkt.

7. Samþykkt að taka á dagskrá svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstrisins:

Borgarstjórn samþykkir að láta vinna samgöngumat á nýlegum skipulags- og stjórnkerfisbreytingum.

Tillagan er felld með með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar, Miðflokksins og Framsóknarflokksins gegn átta atkvæðum Samfylkingarinnar, Vinstrisins og Sósíalístaflokks Íslands. MSS26090036

Borgarfulltrúi Vinstrisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það eru mikil vonbrigði að tillaga Vinstrisins um að gera samgöngumat á stjórnkerfisbreytingunum hafi verið felld. Það er samt í raun lýsandi fyrir vinnubrögðin og hvernig staðið er að breytingunum í heild sinni, engin rýni, engar mótvægisáðgerðir, engar greiningar og engin sýn. Ekkert er undirbúið og ekkert er undirbyggt. Viðvaningsháttur og handvömm. Borgarbúar eiga ekki von á góðu á komandi kjörtímabili.

Fundi slitið kl. 18:20

Björg Magnúsdóttir

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir

Silja Sóley Birgisdóttir